

Forsætisnefnd

Ár 2017, föstudaginn 1. september, var haldinn fundur í forsætisnefnd. Fundurinn var haldinn í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.31. Viðstaddur var Halldór Auðar Svansson. Einnig sátu fundinn Marta Guðjónsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Helga Björk Laxdal og Bjarni Þóroddsson sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 5. september nk.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar:

- a) Frístundastefna Reykjavíkurborgar
- b) Skýrsla starfshóps um framtíðaruppbyggingu á gististarfsemi í Reykjavík, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 31. ágúst
- c) Skýrsla starfshóps um heima- og íbúðagistingu, sbr. 38. lið fundargerðar borgarráðs frá 31. ágúst 2017
- d) Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um úttektarnefnd vegna skemmda á húsi Orkuveitu Reykjavíkur sbr. 40. lið fundargerðar borgarráðs frá 31. ágúst 2017
- e) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um opinbera rannsókn vegna milljarða tjóns á húsi Orkuveitu Reykjavíkur
- f) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt og endurbætur á húsnæði leik og grunnskóla
- g) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stefnumótun um hjólabrettaiðkun
- h) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lifandi umferðaupplýsingar.
- i) Umræða um mannekleu á leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum.
- j) Kosning í borgarráð
- k) Kosning í umhverfis- og skipulagsráð
- l) Kosning í stjórnkerfis- og lýðræðisráð
- m) Kosning í velferðarráð
- n) Kosning í mannréttindaráð
- o) Kosning í menningar- og ferðamálaráð
- p) Kosning í íþróttá- og tómstundaráð
- q) Kosning í skóla- og frístundaráð
- r) Kosning í innkauparáð
- s) Kosning í hverfisráð Hlíða

- Kl. 10.37 taka Elín Oddný Sigurðardóttir og Eva Einarsdóttir sæti á fundinum.
2. Lagt fram bréf skrifstofustjóra borgarstjórnar, dags. 1. september 2017, þar sem fram kemur að Sveinn Grétar Jónsson taki sæti varaáheyrnarfulltrúa í hverfisráði Breiðholts í stað Guðjóns Ebba Guðjónssonar.
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. september 2017, þar sem fram kemur að Hörður Gunnarsson taki sæti áheyrnarfulltrúa í hverfisráði Árbæjar í stað Guðbjargar Sveinbjörnsdóttur.
4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. september 2017, þar sem fram kemur að Snædís Karlsdóttir taki sæti áheyrnarfulltrúa í hverfisráði Hlíða í stað Gissurar Guðmundssonar og að Björn Ívar Björnsson taki sæti varaáheyrnarfulltrúa í stað Snædísar.

5. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. september 2017, þar sem fram kemur að Lárus Sigurður Lárusson taki sæti varaáheyrnarfulltrúa í hverfisráði Laugardals í stað Guðfinnu Jónnu Guðmundsdóttur.

Fundi slitið kl. 11.11

Halldór Auðar Svansson